

Rímsspilið – leiðin til kastala galdrakarlsins

Einu sinni var galdrakarll sem átti heima í risastórum kastala langt í burtu. Galdrakarlinn vildi hafa kastalann sinn í friði og vildi alls ekki fá fólk í heimsókn. Þess vegna reyndi hann allt hvað hann gat að halda kastalanum sínum leyndum og gera erfitt að finna hann.

Til þess að geta fundið kastalann þurfti mann fyrst að finna einn af fjórum galdrahlutum sem hann hafði falið undir tvöfaldri töfrahulu. Þessir hlutir voru: galdraköttur, galdrahöttur, galdrapottur og galdrakústur. En ekki nóg með það. Maður þurfti nefnilega líka vera virkilega flinkur að ríma. Og jafnvel þó maður fyndi einn af þessum fjórum hlutum var samt löng stafrófsleið upp að kastalanum sem þurfti að fara áður en maður gat bankað á hurðina hjá galdrakarlinum.

Haldið þið að þið getið leyst þessa erfiðu þraut, krakkar?

